

Mánudaginn 18. febrúar kom hreppsnefnd saman til 4. fundar á árinu í Hreppsstofu. Mættir hreppsnefndarmennirnir Jakob, Jón Sigmar, Helgi Hlynur, Eyþór og Jón.

1. Heimsókn frá Umhverfissráðuneyti og Umhverfisstofnun til að ræða friðlýsingar á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi 2004. Fulltrúarnir kynntu mismunandi flokka og ferli friðlýsinga og ræddu möguleika á samstarfi við borgfirðinga.
2. Umsókn um útgáfustyrk frá bókaútgáfunni Hólum vegna bókar sem á að innihalda gamansögur frá Borgarfirði eystra.
3. Bréf:
 - a. Íbúðalánasjóður um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga. Borgarfjarðarhreppur hefur nú þegar skilað áætluninni.
4. Fundargerðir:
 - a. Framkvæmdaráð SSA 15.01.2019, lögð fram til kynningar.
 - b. Stjórn SSA 29.01.2019, lögð fram til kynningar.
 - c. Brunavarnir á Austurlandi 5.02.2019, lögð fram til kynningar.
 - d. Minjasafn Austurlands 6.02.2019, lögð fram til kynningar.
 - e. Svæðisskipulagsnefnd SSA 11.02.2019, lögð fram til kynningar.
5. Skýrsla sveitarstjóra
Staðgreiðsluuppgjör 2018 kynnt. Farið yfir fjárfestingatölur síðustu ára. Sameiningarmál ræd m.a. um hópavinnu.

Fundi slitið kl: 20:50

Jón Þórðarson ritaði